

## Styrkir til tvenns konar verkefna

Í samræmi við það sem samningur landanna kveður á um er hægt að sækja um styrki til tvennskonar verkefna:

- Þróunar- og markaðsverkefna í ferðþjónustu
- Ferðastyrki, t.d. vegna skólahópa, íþróttahópa eða menningarverkefna

Vakin er athygli á að stjórn NATA leggur sérstaka áherslu á umsóknir sem tengjast sjálfbærri ferðamennsku.

## Styrkir til verkefna í ferðþjónustu

Allir sem starfa að eflingu ferðþjónustu í samstarfi landanna þriggja geta sótt um styrk að hámarki 100.000 danskar krónur, eða að hámarki 50% þeirra kostnaðarliða sem styrktir eru. Skulu umsóknir fela í sér samstarf milli einstaklinga, stofnana eða fyrirtækja í tveimur af löndunum þremur hið minnsta. Ekki eru veittir styrkir vegna launakostnaðar, ráðgjafar, útgáfu efnis eða vefsíðugerðar.

Sækja má um aðstoð á eftirfarandi sviðum ferðþjónustu.

- Til markaðssetningar.
- Til nýsköpunar- og vöruþróunar.
- Til að mynda tengslanet og miðla þekkingu.
- Til gæða- og umhverfismála innan ferðþjónustunnar.

Við mat á umsóknum verður tekið tillit til eftirfarandi þátta:

- Verkefnishugmyndar og gæða umsóknarinnar. Ófullgerðar umsóknir verða ekki teknar til greina.
- Nýnæmis og nýsköpunargildis verkefnisins
- Markaðstengingar
- Kostnaðaráætlunar og annarrar fjármögnunar
- Samfélagslegs gildis

## Styrkir vegna kynnis- og námsferða

Eitt af markmiðum samstarfssamnings um ferðamál á milli Íslands, Grænlands og Færeyja er að auka samskipti og fjölga heimsóknum á milli landanna þriggja. Hér með eru auglýstir ferðastyrkir til þeirra sem vinna að samstarfsverkefnum sem varða tvö af löndunum þremur hið minnsta. Styrkjunum er einvörðungu ætlað að standa straum af ferðakostnaði, ekki gistingu eða uppihaldi. Hámarksstyrkur á hvern einstakling er 1.000 danskar krónur vegna ferðalaga milli Íslands og Grænlands annars vegar og Íslands og Færeyja hins vegar.

Sækja má um styrk til kynnis- og námsferða eftirtaldrá:

- Skóla
- Íþróttahópa
- Tónlistarhópa
- Annars menningarsamstarfs

Við mat á umsóknum verður tekið tillit til eftirfarandi atriða:

- Verkefnishugmynd
- Gæði umsóknar. Ófullgerðar umsóknir verða ekki teknar til greina.

- Gagnkvæmni og tengslamyndun
- Kostnaðaráætlun, fjármögnun

## Hvar er sótt um?

Allar umsóknir þurfa að berast með rafrænum hætti á þar til gerðum umsóknarblöðum sem finna má á vef NATA. Vefurinn og umsóknarformin eru bæði á dönsku og ensku.

- [Nánari leiðbeiningar um umsóknir á vef NATA](#)
- [Opna umsóknasíðu á vef NATA](#)

## Skilafrestur

Lokafrestur til að skila umsókn er á miðnætti (GMT) **5. september 2018**. Umsóknir eða fylgigögn sem berast eftir þann tíma verða ekki tekin gild. Niðurstaða stjórnar NATA um úthlutun mun liggja fyrir 12. október 2018 og munu umsækjendur fá svar þann dag. Athugið að verkefni með áætluð verklok fyrir 12. október eru ekki styrkhæf og sama á við um ferðir sem lýkur fyrir þann tíma.

## Næsti umsóknarfrestur

Um er að ræða seinni úthlutun af tveimur á árinu 2018. Áætlað er að umsóknarfrestur vegna fyrri úthlutunar 2019 verði í febrúar 2019 en það verður auglýst sérstaklega síðar.

## Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar gefur starfsmaður NATA, Birta Johansen, sími 00 298 30 9900 eða í gegnum netfangið [nata@industry.fo](mailto:nata@industry.fo)

FERÐA  
MÁLA  
STOFA

ICELANDIC  
TOURIST  
BOARD



*Guðný Hrafnkelsdóttir*  
Verkefnastjóri / Project manager

[gudny@ferdamalastofa.is](mailto:gudny@ferdamalastofa.is) / [www.ferdamalastofa.is](http://www.ferdamalastofa.is)

Geirsgata 9 | 101 Reykjavík | Iceland  
Sími/Tel +354 535 5511



Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar þennan tölvupóst.  
Please consider the environment before printing.

[Email disclaimer](#)